

Heibrigðismálaráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2020

## **Efni: Ábendingar Félagsráðgjafafélags Íslands vegna áframhaldandi vinnu gegn Covid-19 á næstu misserum.**

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar því að stjórnvöld standi að samráðsvettvangi með það að markmiði að móta áherslur og leiðarljós vegna áframhaldandi vinnu gegn Covid-19 á næstu misserum. Sóttvarnaraðgerðir hafa verið íþyngjandi fyrir marga í samfélaginu og leitt af sér aukinn einmannaleika, kvíða og einangrun. Því er mikilvægt að leita leiða til að rjúfa félagslega einangrun og halda órofinni þjónustu fyrir viðkvæma hópa, s.s. dagdvöl fyrir geðfatlaða og aldraða auk sjálfshjálparhópa eins og AA. Jafnframt er mikilvægt að leita leiða til að þau sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum haldi tengslum við aðstandendur. Ljóst er að íslenskt samfélag hefur tekið stórt stökk þegar kemur að rafrænum lausnum og nýsköpun. Mikið álag hefur verið á heilbrigðisstéttum, s.s. félagsráðgjöfum sem hafa þurft að umbreyta verkferlum og tryggja sóttvarnir í sínum störfum. Margir hafa átt þess kost að stunda fjarvinnu en það á ekki við um alla. Hér á eftir er leitast við að svara þeim spurningum sem lagðar voru fyrir þáttakendur á samráðsfundi stjórnvalda út frá sjónarhorni félagsráðgjafar.

1. Hverjar eru helstu áskoranir á viðkomandi sviði til að halda úti starfsemi miðað við þær sóttvarnareglur sem nú gilda?

Helstu áskoranir innan velferðarþjónustu felast í því að endurskipuleggja þjónustuna þannig að sóttvarnareglur séu virtar án þess að skerða þjónustuna. Mikilvægt er að halda órofinni starfssemi og þjónustu fyrir viðkvæma hópa, s.s. fólk með fötlun, aldraða með færniskerðingu, heimilislaut fólk, fólk sem glímir við áfengis- og fíknivanda, fólk á flóttu, foreldra og börn sem eru fötluð eða langveik, foreldra og börn innan barnaverndar. Dæmin sýna að lítið þarf til þess að heilu vinnustaðirnir eins og skólar lokist vegna smits sem hefur veruleg áhrif á daglegt líf barna. Fjarlægðartakmarkanir gera það erfitt að halda úti þjónustu við fólk sem glímir við geðröskun, það veldur kvíða og félagslegari einangrun því fjarþjónusta kemur ekki í staðin fyrir nánd. Þá getur heimavinna og fjarvinna einnig verið takmarkandi þáttur í þjónustu fyrir aðra hópa þegar kemur að samskiptum sem þarfnast nándar, öryggis og sýnileika. Það hentar ekki öllum það form að vinna rafrænt í gegnum netið og því þarf að leita leiða til að koma til móts við ólíkar þarfir. Fyrir fólk sem býr við heimilisofbeldi getur vinnustaður, skóli eða félagsstarf verið mikilvægur öryggisventill. Það er því áskorun að tryggja leiðir til að láta vita af erfiðum aðstæðum þegar fólk fer lítið út af heimilinu, sérstaklega þegar kemur að börnum. Það er líka áskorun fyrir félagsráðgjafa að gæta að smitvörnum í viðtölum og meðferðarvinnu ásamt vitjunum og útköllum inn á heimili.

2. Ef hægt væri að slaka eitthvað á gildandi sóttvarnareglum, hvaða tilslakanir myndu koma að sem mestu gagni?

Það sem kemur að mestu gagni er að draga úr fjarlægðar- og fjöldatakmörkunum eins og kostur er og reyna að halda daglegu lífi fólks í sem mestum skorðum. Mikilvægt er að halda órofinni þjónustu fyrir viðkvæma hópa.

3. Hvaða áhrif telurðu líklegt að óbreyttar sóttvarnareglur muni hafa á viðkomandi sviði til lengri tíma lítið?

Óbreyttar sóttvarnareglur eru líklegar til að stuðla að einangrun og óvissu sem getur aukið á kvíða og óöryggi, sérstaklega meðal viðkvæmra hópa. Þegar eru komnar vísbendingar um aukna áfengisneyslu og fjölgun tilkynninga um heimilisofbeldi sem getur aukið vanrækslu og ofbeldi gagnvart börnum. Einnig hafa komið fram vísbendingar um aukin fjölda fólks sem leitar sér aðstoðar vegna sjálfsvígshugsana.

4. Hvaða mótvægisáðgerðir gætu komið að sem mestu gagni til að draga úr áhrifum sóttvarnaáðgerða á viðkomandi sviði?

Þær mótvægisáðgerðir sem gætu komið að mestu gagni er að tryggja stuðning fyrir viðkvæma hópa og skapa tækifæri til virkni fyrir alla. Fjölga þarf félagsráðgjöfum innan félagsþjónustu og barnaverndar ásamt því að tryggja aðgengi að félagsráðgjöfum innan skóla, heilsugæslu, hjúkrunarheimila og annarri velferðarþjónustu fyrir einstaklinga. Tryggja upplýsingaflæði til allra hópa þar sem notast er við fjölbreytta miðla.

5. Hvaða hópar líða mest fyrir skerta starfsemi á viðkomandi sviði?

Þeir hópar sem líða mest fyrir skerta starfsemi innan velferðarþjónustu eru þeir sem eru í viðkvæmri stöðu, s.s. fólk með fötlun, aldraðir með færniskerðingu, heimilislaust fólk, fólk sem glímur við áfengis- og fíknivanda, fólk á flóttu, foreldrar og börn sem eru fötluð eða langveik, foreldrar og börn innan barnaverndar.

6. Geturðu nefnt eitthvert eitt atriði sem þú telur skipta mestu máli fyrir samfélagið á tímum kórónaveirunnar?

Það sem skiptir mestu máli á þessum tímum er samstaða og bjartsýni um að við komumst í gegnum þetta saman.

7. Annað sem þú vilt taka fram?

Félagsráðgjafar eru heilbrigðisstétt í framlínu og þurfa stuðning og styrk til þess að geta staðið vaktina áfram. Félagráðgjafar eru í tengslum við þá sem eru í hvað viðkvæmasti stöðu í samfélaginu og þá sem eiga á hættu útilokun og einangrun vegna faraldursins. Félagráðgjafar gegna lykilhlutverki á næstu misserum þegar kemur að því að mæta afleiðingum faraldursins löngu eftir að búið verður að ráða niðurlögum hans, því sálfélagslegar afleiðingar vara lengi eftir það.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Félagráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann, formaður